

Fundur 19.12.2022 Mikael sænskur maður.

Komið þið sælir.

*Já komdu sæll, sæll.*

Fagna ég öllum möguleikum að tala við fólk yfir geimdjúpið og er það mikill áfangi að tala við fólk á gömlu jörðinni þar sem svo margt vantar inn í lífshlaup mitt og finnst mér það vera að byggjast upp að nýju.

Og hefur tilhlökkunin verið mikil hjá mér og mörgum á þessum hnetti að fá að tengjast einu þjóðinni á gömlu jörðinni sem skilur það að við erum ekki andar heldur líkamlegir menn á framlífs jörð.

Og hefði ég viljað heimsækja Ísland meðan ég var uppi á jörðinni en það verður nú ekki en ætla ég að reyna að segja frá lífshlaupi mínu og byrja á því að segja hversu mikil hamingja mín er að vera hér vakandi og þátttakandi í lífinu og enduruppgötva allt sem hér gerist og svo ótal margt.

Og á ég honum mikið að þakka sem kom öllum þessum atburðum til framkvæmda og er ég hluti af stórum hóp sem erum full af þakklæti yfir því að vera frjáls og hafa meðvitund aftur og biðja ekki eftir að vera vakin upp á dómsdegi, heldur vera vakandi nú þegar og uppgötva lífið í kringum okkur og fyllast af þakklæti yfir þeim sem vöktu okkur til lífsins aftur.

Er það mikið sem vantar upp á og minni mitt er ekki gott, ekki frekar en annara sem svo er ástatt um, en það er eins og að vera barn að nýju og fá að undrast og raða saman þúslum sem eru brotakennd.

Og merkilegast er það að heyra í fólki sem á einhvern hátt getur sagt mér frá lífi mínu á jörðinni og man eftir sömu aðstæðum og þá rifjast upp lífsmunstur og minningabrot og minningarnar lifna og koma til baka og persónuleikinn kemur í ljós.

Það eru ekki tíu ár síðan þessir miklu atburðir gerðust í lífi mínu og þó er það nógu langur tími til þess að ég hef eignast hér nýtt líf á þessum hnetti.

Og hef ég tekið upp á því að leika jólasvein á þeim árstíma sem þið eruð á núna en margir samlandar mínir halda enn í hina gömlu Kristnu trú þótt hún eigi þátt í okkar hörmungum og er ég beggja blands með það en eru þó einnig þeir sem hafa tekið trú á gömlu Guðina.

Eru mörg okkar búin að eignast fjölskyldu síðan þessi atburður varð fyrir tæpum tíu árum sem leysti okkur úr hýði ef svo má segja.

En á það ekki við um mig, en hef ég gengt hér nokkrum störfum, litlum störfum, á þessum framlífs hnetti þar sem aðallega eru Svíar, og í mínu samfélagi erum við öll að rifja upp fortíðina og sá maður sem var á jörðinni, sem ég kynntist aldrei, er sá sem við stöndum öll í þakkar skuld við og heitir Bobby Fisher.

*Já grunaði það.*

Ég mun hafa verið uppi á fyrri hluta fimmtándu aldar í Svíþjóð og heiti Mikael og var sjómaður og hef svo ekki miklar minningar en ég eins og svo margir aðrir hef misst tengslin við fjölskyldu sem ég þar átti og hef ég talað við nokkra sem muna eftir því lífsskeiði og er það allt að koma.

Eru hér margir stórkostlega trúaðir á gömlu Goðin og aðrir á Krist og það, og hef ég umgengist þau jöfnum höndum.

Og ánægður með þetta líf, fagurt um að lítast og mér finnst það einnig merkilegt að Íslendingar hafi átt vísindamann sem komst að þessu áður en þetta er orðið viðurkennt í öðrum löndum.

Og er það rétt hjá mér að þetta er ekki viðurkennt á gömlu jörðinni að líf er á öðrum hnöttum.

*Það er alveg rétt hjá þér, það er ekki viðurkennt enn.*

Já ætla ég að reyna að hleypa að nokkrum spurningum áður en ég hætti og er tækifæri núna á meðan orkan er.

Í hvaða hluta Svíþjóðar áttir þú heima?

Nörrköpling.

*Norrköping?*

Já.

Já og það voru margir sem sinntu landbúnaði og ýmislegt svoleiðis og gamla trúin ekki alveg horfin.

*Nei, en þegar þú segir að þið hafið verið vaktir af svefni fyrir tíu árum síðan, þú og annar hópur sem þú tilheyrðir, eða hvað gerðist, eða vaktir af dvala, lenntu þið í slæmum stað eða?*

*Hvernig?*

Við vorum sett í nokkurs konar farartæki og fluttir af hnetti þar sem við vorum, áttum að sofa til dómsdags eins og það var kallað og vissum ekki af okkur og hugarstarfsemi okkar átti að búa til orku fyrir Jahve til að sannfæra þegna sína og annað slíkt.

Og var tengt, líkamarnir, lámarks starfsemi til að gefa frá sér slíka orku og mynda einhvers konar aflsvæði fyrir Jahve, til að koma hans verkum til skila og mjög stórir hópar í herbergjum og með eftirlitsmönnum.

Þurftum við að fara í skyndi og var mér sýnt það síðar hvernig þetta var og tók það mig nokkuð langan tíma að trúa því að þannig sé hægt að eyða lífinu.

og voru það nokkurs konar draumsýnir sem fyrir okkur bar, sem ég hef nú að mestu gleymt nú, í þessu undarlega ástandi á milli lífs og dauða og milli svefns og vöku ef svo má segja.

Er ég fegin að vera laus út úr því og er ég mjög forvitinn að vita hvað varð um þá sem stóðu fyrir þessum mikla frelsunar leiðangri.

En er mér sagt að leyndardómar Jahve ríkisins hafi orðið ljósari eftir þetta og hvernig þeim er unnt að ná tökum á fólki.

Þannig að þetta hafi haft tilgang í þá átt að fleiri komist yfir á lífsstefnuna, eins og það er kallað.

Já ég er ekki orkumikill lengur og ég tekst á við lítil viðfangsefni eins og að gleðja börnin í þessu nýja lífi.

Og ég fer í jólasveinabúning og er að byggja mig upp að nýju og gleður það mig mjög að tala við ykkur og vil ég láta gott af mér leiða og þakka ég kærlega fyrir og verið þið sælir.

*Vertu blessaður, vertu blessaður Mikael og gangi þér vel.*